

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir 2018

Ársskýrslan var unnin af skólameistara og aðstoðarskólameistara í apríl 2019

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021: Staða árangursmælikvarða.

Kjarnastarfsemi:

Markmið 1 er að brotthvarf minnki. Annar árangursmælikvarðinn gerði ráð fyrir að 72% af nýnemum innritaðist á annað skólaár. Niðurstaðan var sú að viðmiðinu var ekki náð og 63% nýnema innrituðust á annað skólaár.

Nemendur í FMOS útskrifast að meðaltali á 3,7 árum. Hinn árangursmælikvarðinn gerði ráð fyrir að 37% nemenda útskrifaðist á tilskildum tíma (3,7 árum). Niðurstaðan er sú að rúmlega 31% nemenda útskrifast á tilskildum tíma á árinu 2018.

Markmið 2 er að gæði náms á námsbrautum sé í samræmi við markmið málaflokks. Árangursmælikvarðinn var að árangur útskrifaðra nemenda í háskólum sé samanburðarhæfur við aðra framhaldsskóla. Við gerum ráð fyrir að 15% útskrifaðra nemenda hafi lokið háskólanámi 2018. Gerð var könnun meðal útskrifaðra veturinn 2018-2019 og þar kom fram að 55% útskrifaðra eru í háskóla eða hafa lokið háskólanámi, og þar af hafa tæp 9% lokið námi.

Rekstrarþættir:

Markmið 1 er að ljúka við endurskoðun skólanámskrár skólans á næstu tveimur árum. Mælikvarðinn gerði ráð fyrir að 75% kafla í skólanámskránni hefði verið endurskoðaðir á árinu 2018. Niðurstaðan er sú að vinnu við endurskoðun skólanámskrárinnar hefur miðað vel og búið að endurskoða þau 75% sem gert var ráð fyrir.

Markmið 2 er að rekstur skólans sé í jafnvægi. Niðurstaða rekstar 2018 er að hagnaður er töluverður og ástæður þess eru skýrðar í bréfi sem skólinn sendi til ráðuneytisins 26. febrúar og var ítrekað 3. apríl sl. [Sjá fylgiskjal 1.](#)

Nemendur

Nemendafjöldi á árinu 2018 var rúmlega 300 nemendur. Fjöldi nýnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk hefur staðið í stað á milli árána 2017 og 2018, er rúmlega 60 nemendur. Aldursdreifing í skólanum hefur breyst töluvert á undanförunum árum, í þá átt að eldri nemendum fækkar frá því sem áður var og þeim yngri fjölgar. Þessi misserin er mynstrið þannig að fjórir yngstu árgangarnir eru fjölmennastir, en fáir nemendur úr öðrum árgöngum.

Nám

Boðið er upp á nám á 6 námsbrautum í skólanum, þ.e. stúdentsnám á félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opinni stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um fimm kjörsvið; almennt kjörsvið, listakjörsvið, hestakjörsvið, íþróttakjörsvið, handboltaakademíu og hestakjörsvið. Til viðbótar er boðið upp á nám á tveimur framhaldsskólabrautum og sérnámsbraut. Framhaldsskólabraut I er ætluð nemendum sem eru óákveðnir með námsval og hin framhaldsskólabrautin sem við köllum framhaldsskólabráu er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með annað hvort D í einkunn í

tveimur til þremur kjarnagreinum eða með stjórnumerktar einkunnir. Sérnámsbraut er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

Námsframboðið er í samræmi við áherslur skóla og ráðuneytis og er nokkuð fjölbreytt.

Starfsmenn

Tveir stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu. Við skólann starfar deildarstjóri sérnámsbrautar í hlutastarfi. Tveir námsráðgjafar eru við skólann í 160% stöðu til samans. Kennarar á haustönn voru 29 í 27 stöðugildum og aðrir starfsmenn 7 í 5 stöðugildum. Heildarstarfsmannafjöldi var því 41. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf.

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru fjölbreyttar verkefnaíðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna.

Námsmatið er í góðum takti við kennsluaðferðirnar, þannig að úr verður leiðsagnarnám þar sem vinna nemenda er metin jafnóðum. Kjarninn í hugmyndinni er líka að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Kennsluaðferðirnar og leiðsagnarmatið hafa þróast mikið í skólanum á undanförunum árum og er orðið mjög samfléttað þannig að erfitt er að sjá hvar kennsluaðferðunum sleppir og leiðsagnarmatið tekur við.

Þess vegna notum við nú orðið hugtakið **leiðsagnarnám** þegar við lýsum náminu í skólanum.

Mosfellsbær, 8. apríl 2019

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Fylgiskjal 1



Greinargerð vegna fjárhagsstöðu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ – ósk um að færa hagnað ársins 2018 yfir á 2019.

Í apríl 2017 ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að setja stranga niðurskurðarkröfu á Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Skólinn hafði þá verið rekinn með tapi undanfarin ár og var staðan eftir uppgjör ársins 2016 rúmlega 40 milljónir í mínus.

Niðurskurðarkarfan gerði það að verkum að stjórnendur fóru í erfiðar aðhaldsaðgerðir sem m.a. fólust í því að skólinn hætti að reka mótuneyti, hætti sviðsstjórn og minnkaði ýmsa þjónustu við kennara og nemendur. Einnig reyndist nauðsynlegt að draga saman í kennslunni og var fækkað um 3,5 stöðugildi í kennslu.

Aðgerðirnar höfðu mikil og langvarandi áhrif á starfsemi skólans, þjónusta við nemendur versnaði (t.d. færri áfangar í boði og stærrí hópar) og starfsandinn varð einnig verri eins og gjarnan gerist þegar uppsagnir starfsmanna eru gerðar.

Þetta hafði það í för með sér að skólinn þurfti að spara á öllum sviðum veturinn 2017-2018 til að standast niðurskurðarkröfuna sem gerð var til skólans.

Í október 2017 bárust fréttir af því frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að þær breytingar á reiknilíkani fyrir framhaldsskóla sem snúa að auknum fjárframlögum fyrir nemendur sem koma í framhaldsskóla með slakan undirbúning úr grunnskóla tækju gildi strax á árinu 2018. Þetta þýddi að Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ fengi rúmlega 40 milljóna króna viðbótarfjárframlag vegna þessa. Stjórnendur brugðust hratt við og unnu með kennurum á síðustu vikum haustannar 2017 að útfærslu nýrrar brautar (framhaldsskólalabru) fyrir nemendur sem koma með slakastan undirbúning úr grunnskóla og eru í mestu brotthvarfshættunni (eru með tvö til þrjú D eða stjórnúmerktar einkunnir). 12 kennarar voru fengnir til að vinna að undirbúningi brautarinnar á vorönn 2018 og var byrjað að kenna á henni haustið 2018 með 16 nemendum.

Áhrifin af þessu öllu blandast saman – starfsemin er í sparnaðargír á öllum sviðum og síðan bætist við nýtt verkefni með töluverðum viðbótarkostnaði. Viðbótarkostnaður á vorönn 2018 í undirbúningsvinnunni fyrir nýju brautina var um 14 milljónir og viðbótarkostnaður við kennslu nýrrar brautar á haustönn 2018 var um 16 milljónir.

Rekstur skólans færir smán saman í eðlilegt horf um leið og áhrifin af niðurskurðaraðgerðunum minnka. Við höfum farið frekar varlega og aukið þjónustu við nemendur rólega og bætt í kennsluna í litlum skrefum.

Það sem stendur fyrir dyrum núna á árinu 2019, fyrir utan að kenna á hinni nýju framhaldsskólalabru, er að hanna, undirbúa og setja af stað aukin úrræði fyrir þann hóp nemenda sem við fáum viðbótarframlag fyrir (nemendur með C í einkunn úr grunnskóla). Þetta er fjölmennur hópur í FMOS

og ýmsar spennandi hugmyndir komnar í umræðuna til að veita þessum nemendum betri þjónustu og nám við hæfi.

Staðan núna þegar rekstur ársins 2018 er gerður upp er að þegar búið er að gera ráð fyrir hallanum sem fluttur var frá fyrra ári er að hagnaður ársins er rúmlega 8% eða rúmlega 40 milljónir króna.

Við óskum eftir að fá að færa þennan hagnað með okkur yfir á 2019.

Mosfellsbær, 26. febrúar 2019

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari